

Guðrún Jónsdóttir

FRÁ FRAMKVÆMDARÁÐI

Fundarstjóri, ágætar fundarkonur!

Ég ætla að segja ykkur hvað framkvæmdaráð hefur verið að gera síðan á síðasta landsfundi.

Hlutverk framkvæmdaráðs er að sjá um rekstur samtakanna í heild og vera einn allsherjar tengill, milli anga, innávið og útávið.

Þær konur sem setið hafa í framkvæmdaráði á árinu eru Ása Friðbjörg og Bryndís Guðmundsdóttir fyrir Reykjanessanga, Hrafnhildur Baldursdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Guðbjörg Emils fyrir framkvæmdaneftnd Reykjanessanga, Steinunn Björg, Elsa Guðmunds og Kristín Einarsdóttir fyrir Reykjavík og fyrir framkvæmdaneftnd Reykjavíkur til skiptis þær Ina, Díá, Kristín Ástgeirs dóttir, Jóhanna Eyjólfssdóttir og Lilja Eypórsdóttir. Auk þess sitja í ráðinu Bergljót Baldursdóttir starfskona þingfloksins og ég Guðrún Jónsdóttir sem starfskona samtakanna.

Það eru annmarkar á því að framkvæmdráð sé í beinum tengslum við alla anga því þótt í starfsreglum sé kveðið á um að fulltrúar allra anga séu í ráðinu hefur það ekki verið framkvæmanlegt í raun.

Til þess að bæta ögn úr því hafa fundargerðir framkvæmdaráðs verið ljósritaðar og sendar út í angana og beðið um viðbrögð, en þau hafa ekki borist, enda sjálfsagt þurrt og leiðinlegt að lesa fundargerðir og gera athugasemdir við þær eftir á. Ég hef líka reynt að halda góðu símasambandi við konur af landsbyggðinni en fleira þyrfti að koma til.

Á árinu hafa orðið breytingar á starfsmannahaldi Kvennalistans. Þannig hefur starfið sem ég er í verið endurmetið úr 75% starfi í fullt starf. Í tvo mánuði fyrir kosningar í vor, var Fanney Reykdal í 20% starfi í móttöku, kaffiumsjón og fleiru og núna frá fyrsta október hefur Lilja Eypórsdóttir verið í 25% starfi til reynslu í

6 mánuði við að sinna borgar og bæjarstjórnarmálum, Ragnhildur Eggerts hefur fært bókhaldið, Bergljót Baldursdóttir er sem fyrr starfskona þingfloks.

Framkvæmdaráð hefur umsjón með fjármálum Kvennalistans. Hér á að liggja frammi endurskoðað yfirlit yfir þau, en það má taka fram að það sem við höfum haft úr að spila er þingstyrkur, útgáfustyrkur, ágóði af kosningahappdrætti og sala ýmis konar varnings. Rekstur samtakanna hefur þessa tólf mánuði kostað að meðaltali 170.000 þús. krónur á mánuði. Inní þeirri tölu eru launagreiðslur, auglýsingar, útgáfa Fréttabréfs, rekstur Hótel Víkur, kostnaður við fundi og ráðstefnur og annað sem fylgir daglegum rekstri.

Stærstu póstar fyrir utan venjulegan rekstur hafa verið borgar- og bæjarstjórnarkostningar síðastliðið vor, en í þær eyddu samtökin 800.00 þús. kr. sem skiptust þannig að Reykjavík fékk 474.000, Hafnarfjörður 180.000 og Selfoss 146.000 þús. kr.

300.000 þús. krónum var veitt í auglýsingaherferð fyrir Veru (m.a. í sjónvarpi og útvarpi og Veruauglýsing er í öllum strætisvögnum Reykjavíkur og Kópavogs núna).

Auk þess var 100.000 þús. krónur lánaðar til reksturs Veru.

Samtökin gefa út Fréttabréf mánaðarlega og er það miðill sem nær til allra Kennalistkvenna á skrá. Ég held að konur lesi Fréttabréfið en mig langar að benda á að það er undantekning ef konur taka það upp hjá sjálfum sér að senda okkur efni og bregðast við því sem í bréfinu er. Það gæti nefnilega verið þralskemmtilegt ef við sýndum því svoltla ræktarsemi.

Varðandi tengsl útávið höfum við sent fulltrúa á margar ráðstefnur og fundi og í flesta framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Okkur hafa líka borist boð utanúr heimi. Kristín Blöndal fór fyrir okkar hönd til Kaupmannahafnar á friðarráðstefnu í tilefni friðarárs og Sigrún Jónsdóttir fræddi konur úr öllum heimshornum um Kvennalistann úti í Strassbourg í haust.

Okkur bárust bréf víða að frá samtökum og einstaklingum hér heima og erlendis frá. Var þeim svarað

eftir bestu getu. M.a. skrifuðu okkur nokkrar fullorðnar konur frá Canada. Þær höfðu lesið grein um íslensku kvennahreyfinguna í Horizons kanadisku kvennablaði (til ljósrit á Víkinni).

Þær brunnu í skinninu eftir að hitta "sterkustu konur í heimi" eins og þær orðuðu það, höfðu reyndar sjálfar unnið að kvennamálum í sínu heimalandi. Þeim var svarað að auðvitað væru þær velkomnar en e.t.v. væri hætta á að þær yrðu fyrir vonbrigðum. Þær létu sig hafa það töldu saman sparifé sitt og mættu á Víkina. Mikið skelfing hefði ég þá viljað að við hefðum verið fleiri, svolítið hreinna hjá okkur, loftin ekki að hrinja og sófasettið ekki alveg svona lúið. En hrifning þeirra var slík að ekkert fékk á hana skyggt. Þær höfðu með sér segulband til þess að missa ekki af nokkru gullkorni hm! og mynduðu í bak og fyrir og að endingu kysstu þær okkur klökkar að skilnaði.

En áfram með smjörið. Það hafa verið haldnir samræmingarfundir þegar þurfa hefur þótt, t.d. í kosningaundirbúningnum, vegna útgáfumála og konur úr flestum öngum hittust á Akureyri og Selfossi.

Æði margt fleira mætti nefna t.d. var gefinn út fjögurra síðna bæklingur á ensku um Kvennalistann, farin haustlitaferð til Þingvalla o.fl. o.fl.

Þá eru ótaldar margar góðar hugmyndir sem ekki hafa enn orðið að veruleika og má þar nefna bátsferðina góðu kringum landið.

Eins og þið vitið á Kvennalistinn helminginn í Veru á móti Kv. framb. Nú er engin starfsemi í Kv. framb. nema í kringum Veru og hafa Kv. framb. konur óskað eftir að viðræðunefnd fjalli um framtíð Veru. Af okkar hálfu munu þær Kristín Blöndal, Sigríður Dúna og Ragnhildur Eggerts taka þátt í umræðunum og þær sem áhuga hafa á málínu eru beðnar að hafa samband við þær.

Spurningin er hvort Vera verður rekin í sama formi áfram, hvort Kvennalistinn yfirtaki reksturinn eða til komi annað rekstrarform.

Ekki má gleyma því að framkvæmdaráð hefur haft meira eða minna samband við konurnar í nefndunum á vegum

Kvennalistans bæði innan samtakanna og útá við.

Telst mér til að Kvennalistakonur séu í a.m.k. 160 nefndarsætum. Sú vinna sem í nefndarstörfum þessum felst er skal ég segja ykkur gífurleg.

Það sem ég hef tínt til rifjaði ég upp með því að fletta í gegnum fundargerðarbækur framkvæmdaráðs, en ég verð ekki í rónni nema ég segi ykkur allt. Það er ekki alltaf jafn samviskusamlega unnið í þessu ráði!

Í fundargerð frá 19. júní segir orðrétt: "Í upphafi fundar var Guðrún Jónsdóttir þvinguð til að kaupa rjómatertu í tilefni dagsins."

Ég keypti eina sneið á mann og borgaði með peningum samtakanna! Sumar konur komu varla niður sneiðinni sinni, en það get ég sagt ykkur að aðrar kjömsuðu á sinni.

Fyrir utan þetta hliðarspor hefur yfirleitt verið vel mætt, vel unnið og gaman á þessum fundum og þið sem hafið tækifæri til ættuð bara að koma og fylgjast með.

Takk fyrir.